Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 13. janúar 2020

Fundurinn var haldinn í Kársnesskóla.

Mættir voru: Bergrún Óladóttir, Aðalsteinn Möller, Stefanía Jóna Nielsen, Jóhannes Hlynur Hauksson, Katrín Þrastardóttir og Anna Rós Sigmundsdóttir (fundarritari)

Boðuð forföll: Helga Guðný Sigurðardóttir, Jóna Björg, Signý Skúladóttir, Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

1. Fjallað um mikilvægi þess að foreldrar stilli saman strengi sína varðandi aldurstakmörk og notkun á samfélagsmiðlum og tölvuleikjum (skjánotkun). Einstakir árgangar geta tekið þessa umræðu m.a. í tengslum við foreldrasáttmála.

2. Rætt um spjaldtölvur. Margir foreldrar telja það hafa neikvæð áhrif að börn í 5. – 6. bekk bekk fái spjaldtölvur með sér heim í þeim tilvikum þegar þau þurfa ekki að nota tækin til heimanáms. Margir foreldrar telja að sama eigi að gilda um spjaldtölvur og annarskonar námsgögn/bækur, gögnin/tækin eiga að koma heim þegar það á að vinna í þeim, annars eigi þau að geymast þau í skólanum. Þá hafa foreldrar haft áhyggjur af spjaldtölvunotkun m.a. á heimilum hafi slæm áhrif á læsi og skorar á Kópavogsbæ að rannsaka það með vísindalegum hætti.

3. Merkingar starfsmanna: Kópavogsbær mun útbúa merkingar/auðkenni fyrir alla starfsmenn skóla í Kópavogi. Vonandi verða þær tilbúnar nú í vor.

4. Uppgjör jólaföndurs: Frestað til næsta fundar.

5. Gengi jólaföndurs: Jólaföndursnefndin stóð sig mjög vel, föndrið gekk vel og var vel mætt. Næsta ár þarf að biðja formlega alla sem verða eftir kl. 14:00 um að hjálpa til við að ganga frá.

6. Vorhátíð: Síðasta ár var fór of langur tími í að skipuleggja hvernig ætti að skipuleggja vorhátíðina. Aðalsteinn ætlar að hafa yfirumsjón með vorhátíðinni þetta árið.

7. Samskiptareglur foreldra m.a. á samfélagsmiðlum. Rætt um mikilvægi þess að foreldrar setji sér samskiptareglur (viðmiðanir) á samfélagsmiðlum sem tengjast skólunum t.d. að því er varðar að ræða ekki mál einstaklinga, birta ekki viðkvæmar myndir o.s.frv.

8. Bekkjarfulltrúar: Gott væri ef foreldrafélagið útbúi einhverskonar leiðbeiningar varðandi kjör á bekkjarfulltrúum og upplýsingar hvert upplýsingar eigi að skila sér og hvaða leiðbeiningar þeir eigi að fá.

9. Steinar frá Ekkó kom inn á fundinn.

    a. Börn hafa verið að taka nikótínpúða í vörina. Púðarnir eru með ýmsum bragðtegundum t.d. ávaxtabragði. Það er ekki verið að nota þetta mikið inni en börn hafa verið að nota þetta úti. Veip er aðeins að detta út en þetta virðist vera að koma í staðinn.

    b. Steinar hefur verið duglegur að setja inn upplýsingar á foreldrafélagssíðuna. Hann ætlar að halda áfram að setja þessar upplýsingar inn.

    c. Ástæðan fyrir því að ekki er meira starf á miðstigi en raun ber vitni er að þá þyrfti að minnka starfsemi fyrir nemendur á elsta stigi.

d. Steinar hefur verið að setja upplýsingar um dagskrá á Facebook síðu Ekkó. á Facbook síðu foreldrafélagsins. Þá hefur hann sett dagskrá inn á Instagram en flestir nemendurnir skoða þetta þar. Sú hugmynd kom upp hvort hægt væri að biðja umsjónarkennara um að setja dagskrá inn á vikupóstinn og/eða inn á Mentor.

e. Mæting hefur verið nokkuð góði í Ekkó.

f. Ekkó hefur boðið uppá fræðslu. Vinsælt hefur verið að fá Siggu Dögg af nemendum.

10. Foreldrarölt. Það þarf að auglýsa það aftur, auglýsa reglur leiksins. Fyrir næsta ár væri gott ef leikurinn væri keppni milli árganga. Lindaskóli ætlaði að senda kerfið sitt og

11. Skólaráð: Aðalsteinn er fulltrúi foreldrafélagsins í skólaráði. Næsti skólaráðsfundur verður fimmtudaginn 16.janúar kl. 8.10.

12. Aðgengi að nýjum skóla. Foreldrafélagið hefur áhyggjur að því að umferð verði of mikil og hættuleg að nýjum skóla og að gatnakerfið við skólann muni ekki anna umferð að skólanum sér í lagi þar sem hann á að vera stærri og samrekinn leik- og grunnskóla.

13. Snjómokstur í tröppum vestan megin hefur verið ábótavant. Moksturinn er á ábyrgð sveitarfélagsins. Mikilvægt er að þessar tröppur verði upphitaðar. Slysahætta í tröppum. Það var t.d. ekki mokað 3. janúar. Foreldrafélagið mun senda tölvupóst á Kópavogsbæ.